

**Nd.** **178. Nefndarálit** [95. mál]  
um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Við fyrstu umræðu var óskað upplýsinga varðandi málið. Nefndin hefur aflað þessara upplýsinga, og koma þær fram í bréfi frá Hapdrætti Háskóla Íslands, sem fylgir hér með sem fskj.

Alþingi, 15. des. 1969.

Matthías Á. Mathiesen,  
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,  
fundaskr.

Pálmi Jónsson.

Lúðvík Jósefsson.

Þórarinn Þórarinsson.

Guðl. Gíslason.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

**Fylgiskjal.**

Reykjavík, 12. desember 1969.

Formaður fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis hefur beint nokkrum spurningum til stjórnar Hapdrættis Háskóla Íslands í bréfi dags. 11. þ. m., og er stjórninni ljúft að láta í té eftirfarandi upplýsingar:

1. Spurt er: „Hversu mikið fé á Hapdrætti Háskóla Íslands nú í sjóði?“

Svar:

Sjóðseign H.H.Í. 11. des. 1969 var 62.8 millj. kr.

Vinningar í 12. flokki nema 40 millj. kr., og mikill hluti þeirra verður greiddur í næstu viku.

Happdrættið á nokkra innistæðu hjá umboðsmönnum, sem ekki hafa gert skil, en þar á móti koma um 6 millj. kr. í ósöttum vinningum frá fyrri flokkum, einkum síðustu mánaða.

Þá mun H.H.Í. greiða fyrir áramót vegna bygginga og tækja fyrir Háskólann miklar fjárhæðir, m. a. vegna frágangs Árnagarðs. Erfitt er að segja nákvæmlega um það, en upphæðin getur orðið milli 5 og 10 millj. kr.

Raunveruleg sjóðseign, þegar tekið er tillit til áætlaðra sjóðshreyfinga til áramóta, er því 12.8—17.8 millj. kr. Sjóðstaðan batnar svo aftur eftir áramót, þegar sala hlutamiða næsta árs hefst fyrir alvöru.

2. Spurt er: „Hverjar voru tekjur Happdrættis Háskóla Íslands á árinu 1968?“

Svar:

Tekjur H.H.Í. árið 1968 voru 112.5 millj. kr. brúttó, en 21.3 millj. kr. nettó, þ. e. að frádregnum vinningum, rekstrarkostnaði aðalskrifstofu og umboðslaunum. Hluti rikissjóðs af hreinum tekjum nam kr. 4 269 551, en hluti Háskólans nam 17 078 204.

Áætlað er, miðað við söluhlutfall hjá H.H.Í. á 1. ársfjórðungi 1969, að heildarveltan 1969 vaxi í 144.5 millj. kr. og hreinar tekjur í tæpl. 27.7 millj. kr. Hlutur rikissjóðs verður skv. því 5.5 millj. kr. og Háskólans 22.2 millj. kr.

3. Spurt er: „Hverjar eru áætlaðar tekjur Happdrættis Háskóla Íslands á árinu 1970, ef af þessari breytingu verður?“

Svar:

Engin raunveruleg áætlun hefur verið gerð um áætlaðar tekjur H.H.Í. á næsta ári, enda slíkt ekki gerlegt, fyrr en sölu miða í janúar 1970 lýkur. Stjórn Happdrættisins bindur þó miklar vonir við það, að auka megi hreinar tekjur um nokkrar milljónir kr., ef frumvarpið, sem nú er fyrir Alþingi, verður samþykkt.

Stjórnin taldi ekki ráðlegt að hækka miðaverð, þar sem slíkt var gert í fyrra. Að óbreyttu miðaverði og án þeirrar lagabreytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er engin von til þess að auka tekjur Happdrættisins, en slíks er einmitt þörf, þegar hafin er byggingaalda á vegum Háskólans, sem væntanlega mun standa lengi. Nægir að visa til skýrslu háskólanefndar um það atriði. Í kjölfar Árnagarðs kemur Stúdentaheimili, lestrarsalir fyrir stúdenta, og á næsta leiti eru byggingar fyrir verkfræðideild, lagadeild, læknaeild, tannlæknaeild o. fl. byggingar að ógleymdum tækjakaupum. Fjárbörf Háskólans er því mikil og auknar tekjur Happdrættisins gætu því létt undir með rikissjóði, sem hefur í mörg horn að líta.

Verði frumvarpið að lögum og fái Happdrættið þannig heimild til að gefa út tvo aukaflokka á næsta ári í stað eins, er ætlunin að afnema hálfmiða. Þá eiga allir eigendur hálfmiða þess kost að kaupa heilmíða með sama númeri. Slíkt væri ekki hægt, ef aukaflokkar væru ekki tveir, heldur aðeins einn. Enn fremur aukast möguleikar á að fullnægja eftirspurn eftir röðum heilmíða, en slíkt hefur ekki verið hægt, þar sem 90—95% útgefina heilmíða hafa selzt. Sé gert ráð fyrir því, að þeir 85 823 hálfmiðar, sem nú eru seldir, seljist sem heilmíðar, en aðrar breytingar verði ekki á sölu, mun veltan vaxa úr 144.5 millj. kr. í 206.3 millj. kr. Tekjur H.H.Í. mundu vaxa úr 27.7 millj. kr. í 39.8 millj. kr. og rikissjóður fengi tæpl. 8 millj. kr. í stað 5.5 millj. kr., en til Háskólans rynnu 31.8 millj. kr. í stað 22.2 millj. kr.

Stjórn H.H.Í. er það vitaskuld ljóst, að það er með öllu óvíst, hvort slíku marki tækist að ná á næsta ári, en telur hins vegar, að stefna beri að því á allra næstu árum. Stjórnin lítur hins vegar þannig á, að hægt sé að ná nokkrum hluta af þessari 9—10 millj. kr. tekjuaukningu til þarfa Háskólans þegar á næsta ári, og treystir á velvild Alþingis og almennings í landinu í því sambandi.

4. Spurt er: „Hversu mikil hækkun verður á veltufé, þ. e. andvirði útgefina miða:

- a. miðað við þann miðafjölda (sem heimildir eru nú fyrir) og þá miða, sem eru í umferð?
- b. miðað við þann miðafjölda, sem heimildir eru nú fyrir að hafa í veltu?“

Svar:

Heimilt er nú að gefa út 65 þús. númer, þrjú flokka í hverju númeri. Notuð hefur verið heimild til að gefa út 60 þús. númer í tveimur flokkum, A og B, í formi 63 þús. heilmiða og 114 þús. hálfmiða. Heimild til að gefa út þriðja flokkinn (C-flokk), sem samþykkt var á síðasta Alþingi, hefur eðlilega ekki verið notuð enn þá, og að því verður vikið á eftir, hvers vegna talið er óheppilegt að nýta hana, nema heimild til fjórða flokksins fáiast jafnframt, eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Stjórn H.H.Í. telur ekki hagkvæmt að fjölga númerum úr 60 þús. í 65 þús., eins og heimild er fyrir, og byggist það á sölutæknilegum ástæðum.

Ef allir miðar í A- og B-flokki væru seldir ( $2 \times 60\,000$ ), næmi andvirði þeirra 172.8 millj. kr. Sala heilmiða á þessu ári, miðað við janúarsölu, nam 57 461 heilmiða af 63 þús. útgefnum og sala hálfmiða 85 823 miðum af 114 þús. útgefnum. Andvirði þeirra nemur 144.5 millj. kr., eins og áður er greint.

Undanfarin ár hefur tala óseldra heilmiða numið 3—6 þús., eða frá tæpl. 5% í tæpl. 10% af útgefnum heilmiðum. Óseldir heilmiðar eru því aðeins hrafl eitt í flestum umboðum, og er hvorki hægt að fullnægja eftirspurn þeirra, sem óska eftir röðum heilmiða, né þeirra, sem vilja fá heilmiða í sama númeri og þeir eiga hálfmiða í, en það er einmitt sú tegund eftirspurnar, sem best er að virkja. Samþykkt þess frumvarps, sem nú liggur fyrir Alþingi, mundi hins vegar opna möguleika til að fullnægja þeim tegundum eftirspurnar, sem hér er um rætt. Með því að bæta við aðeins einum flokki (C-flokki) er ekki hægt að verða við ósk nema annars af tveimur hálfmiðaeigendum sama númers um heilmiða með því númeri.

Ef þær heimildir, sem þegar hafa verið samþykktar, þ. e. útgáfa þriggja flokka, og 60 þús. númer gefin út (en ekki 65 þús. númer, sem heimild er fyrir, en H.H.Í. hefur ekki á þrjónunum að nýta af sölutæknilegum ástæðum), næmi tala útgefina miða 180 þús. ( $3 \times 60$  þús.), miðað við heilmiða, og andvirði þeirra 259.2 millj. kr.

Ef frumvarpið, sem liggur fyrir Alþingi, verður samþykkt, næmi tala heilmiða, sem heimilt væri að gefa út, 260 þús. ( $4 \times 65$  þús.), en af áðurgreindum ástæðum yrðu aðeins gefnir út 240 þús. miðar ( $4 \times 60$  þús.) og andvirði þeirra næmi 345.6 millj. kr. Hversu mikið af þeim mundi seljast á næsta ári, er óvíst, eins og áður er vikið að, en það mark sett að ná svo fljótt sem auðið er tæpl. 60% sölu, sem næmi brúttóveltu upp á 206.3 millj. kr., sem jafngildir því að selja alla núverandi hálfmiða í formi heilmiða.

Samþykkt frumvarpsins mundi því annars vegar opna möguleika til aukinnar sölu heilmiða til núverandi hálfmiðaeigenda og þeirra, sem „spila“ á raðir, og hins vegar sniða H.H.Í stakk við vöxt, sem sannarlega er þörf á á næstu árum vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda Háskóla Íslands.

5. Spurt er: „Hvernig skiptast tekjur H.H.Í. eftir landshlutum, t. d. kjördæmum?“

Sala hlutamiða í janúar 1969 skiptist þannig eftir kjördæmum, reiknað í hálfmiðum:

	Miðar	%
Reykjavík .....	122 933	61 238
Reykjanes .....	20 887	10 404
Vesturland .....	9 912	4 938
Vestfirðir .....	6 890	3 432
Norðurland vestra .....	6 435	3 206

	Miðar	%
Norðurland eystra .....	16 750	8 344
Austfirðir .....	5 703	2 841
Suðurland .....	11 235	5 597

Alls seldust 57 461 heilmiðar og 85 823 hálfmiðar, eins og áður er sagt.

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar Hæddrættis Háskóla Íslands,  
Guðl. Þorvaldsson,  
formaður.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,  
Reykjavík.